

59. stjórnarfundur Bergrisans bs.

09.06.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 08.30

Fundinn sátu: Fjóla St. Kristinsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir

Anný Ingimarsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Sigprúður Birta Jónsdóttir,

Dagskrá

1. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Gestur á fundinum undir lið 1 er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

Samráð aðila er hafið vegna samningaviðræðna en í gildi er þjónustusamningur við Sólheima frá árinu 2019 með gildistíma til 31. desember 2023. Stjórn felur verkefnastjóra Bergrisans umboð vegna samningaviðræðna við Sólheima.

2. Beiðni um skammtímafjármögnun vegna verkefnis að Nauthaga 2 á Selfossi

Vinna við uppbyggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk í eigu Arnardrangs hses. við Nauthaga 2 er hafin. Vegna tafa á skammtímafjármögnun verkefnis er lagt til að stjórn Arnardrangs hses. óski eftir láni frá Bergrisanum bs. vegna framvindu 10 að upphæð kr. 20.835.705

Að auki er lagt til að óskað verði eftir láni vegna útgefinna reikninga frá VSB sem hefur umsjón með verkefninu að upphæð kr. 170.961

3. Afgreiðsla umsókna um npa samning

Þjónustusvæði Árnesþings leggur fyrir beiðni um aukningu á tímum í NPA þjónustu vegna aðstoðarverkstjórnar. Í gildi er samningur um NPA þjónustu vegna 427 klst. á mánuði. Nú er óskað eftir heimild um aukningu tímafjöldi sem nemur 20 klst. vegna aðstoðarverkstjórnar.

Stjórn samþykkir beiðnina.

4. Beiðni um endurskoðun á NPA taxta

Lögð er fyrir beiðni NPA miðstöðvar og NPA seturs um hækkun á taxta vegna eftirfarandi:

- a. Vegna lífskjarasamnings/hagvaxtarauka
- b. Vegna kjarasamninga með gildistíma frá 1. nóvember 2022

Stjórn samþykkir beiðni vegna liðar a. frá 1. janúar 2023 og vegna liðar b. frá og með 1. nóvember 2022 og felur verkefnastjóra að uppfæra útreikninga í samræmi við tillögu um útreikninga á hagvaxtarauka og í samræmi við tillögu um útreikninga vegna kjarasamninga með gildistíma frá 1. nóvember 2022.

5. Önnur mál

Stofnaður er samráðshópur um rekstur og skipulag Bergrisans bs. Hlutverk hópsins er að leggja mat á núverandi innra skipulag reksturs og mannauðs hjá Bergrisanum bs. Starfshópurinn vinnur greinagerð/tillögur sem lagðar verða fyrir stjórn Bergrisans.

Samráðshópin skipa Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður Bergrisans bs., Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarmaður, Elliði Vignisson, stjórnarmaður og Sandra Sigurðardóttir, stjórnarmaður.

Fundi slitið klukkan 09.44